

## FUNDARGERÐ

301. fundur stjórnar HEF veitna ehf. haldinn í fundasal HEF að Einhleypingi 1, miðvikudaginn 24. nóvember 2021 kl. 14:00.

Mætt eru:

Ágústa Björnsdóttir (ÁB), Ívar Karl Hafliðason (ÍKH), Jónína Brynjólfssdóttir (JB), Skúli Björnsson (SB), Helgi Hlynur Ásgrímsson (HHÁ) og Aðalsteinn Þórhallsson (AÞ) framkvæmdastjóri.

Af aðalmönnum eru fjarverandi: Gunnar Jónsson (GJ)

Gestur fundarins er:

Óli Metúsalemsson, liður nr. 8.

Ágústa Björnsdóttir, stýrði fundi.

### Dagskrá

---

- 1 Gjaldskrár 2022
  - 2 Framkvæmdaáætlun 2022
  - 3 Rekstrar- og fjárfestingaáætlanir 2022
  - 4 Langtímafjármögnun
  - 5 Loftmyndagrunnur
  - 6 Hættumat vatnsbóla vegna mögulegra eldgosa
  - 7 Vatnsveita Brúarási
  - 8 Hitaveita Eiðarþinghá
  - 9 Skipulagsmál Egilsstöðum (íþróttasvæði)
  - 10 Skipulagsmál Djúpavogi (fráveita)
  - 11 Staða helstu verkefna
  - 12 Önnur mál
- 

#### 1 Gjaldskrár 2022

Farið yfir tillögur að gjaldskrá ársins 2022,

*Hitaveita:*

Samþykkt að hækka gjaldskrá hitaveitu almennt um 8% frá og með næstu áramótum enda sé það í bæði takt við hækkun á byggingavísitölu sem og að gjaldskrá hitaveitu hefur dregist aftur úr verðlagsþróun.

*Vatnsveita:*

Samþykkt að hækka gjaldskrá vatnsveitu um 6,8% frá og með næstu áramótum enda sé það í takt við hækkun á byggingavísitölu.

*Fráveita:*

Samþykkt að hækka gjaldskrá fráveitu í 0.35 % af fasteignamati fasteigna og lóða frá og með næstu áramótum í ljósi fyrirhugaðra framkvæmda við fráveituhreinsun og aukinna krafna til fráveitu.

Stjórn samþykkir aðrar minniháttar breytingar á gjaldskrá og felur framkvæmdastjóra að auglýsa breytingarnar.

## 2 Framkvæmdaáætlun 2022

ÁP kynnir tímalínu framkvæmda og mögulega útgjaldadreifingu til hliðsjónar við ádrátt langtímalána. Lagt fram til kynningar.

## 3 Rekstrar- og fjárfestingaáætlanir 2022

ÁP falið að uppfæra rekstraráætlun í framhaldi af hækkun á gjaldskrá og senda Múlaþingi uppfærða áætlun.

## 4 Langtímafjármögnun

ÁB kynnti vinnu sem nú stendur yfir varðandi langtímafjármögnun HEF. Umræður. ÁB og ÁP falið að halda áfram samtali um langtímafjármögnun og koma með tillögu.

## 5 Loftmyndagrunnur

ÁP hefur með fulltrúa Múlaþings verið í sambandi við Loftmyndir um sameiningu og endurskoðun þjónustusamninga vegna loftmynda og kortasjár. Endurskoðunin er tímabær í kjölfar sameiningar í Múlaþing. Samningsgerð er á lokametrum og snýr að því að auka tíðni lágflugs yfir þéttbýliskjörnum Múlaþings, sem og afnotarétt á nokkrum forritum, t.d.;

- „Seyru“, til að halda utan um tæmingu rotþróa (HEF)
- „Viðhaldið“, til að halda utan um viðhald ljósastaura (Múlaþing)
- „Skjóðu“, sms sendingar skv. úrtaki af loftmynd

Framkvæmdastjóra falið að ræða við Múlaþing um framhald verkefnis.

## 6 Hættumat vatnsbóla vegna mögulegra eldgosa

Framkvæmdastjóra falið að leita til Veðurstofunnar eða annarra hæfra sérfræðinga til að fá áhættumat vegna mögulegra áhrifa öskufalls á vatnsból í Múlaþingi.

## 7 Vatnsveita Brúarási

Neysluvatnshola í Brúarási er skemmd, trúlega ónýtt, eftir um 40 ára þjónustu. HEF hefur óskað eftir afnotum á borholu Eignasjóðs Múlaþings, sem ætlaðar eru varmadælu í Brúarási. Holan hefur verið tengd neysluvatnskerfinu, eftir gæðaprófun HAUST. Samtal HEF og Múlaþings mikilvægt fyrir framhald málsins, bæði neysluvatns og varmadælu.

Framkvæmdastjóra falið að halda áfram með verkefnið.

## 8 Hitaveita Eiðaþinghá

Óli Metúsalemsson mætir á fundinn undir þessum lið. Fyrir fundi liggur minnisblað frá Eflu – verkfræðistofu, dags. 22.11.2021. Stjórn felur framkvæmdastjóra að vinna áfram að málinu og kynna þær grunnforsendur sem fram koma í minnisblaði frá Eflu til landeigenda á Eiðum. Framkvæmdastjóra einnig falið að kanna hug Múlaþings til mögulegrar uppbyggingar á Eiðum.

## 9 Skipulagsmál Egilsstöðum (íþróttasvæði)

Lagt fram til kynningar

## 10 Skipulagsmál Djúpavogi (fráveita)

Samþykkt var á fundi umhverfis- og framkvæmdaráðs Múlaþings í morgun að leggja til við sveitarstjórn að unnin verði breyting á aðalskipulagi Djúpavogshrepps sem geri ráð fyrir fyrirhuguðum framkvæmdum HEF við fráveitukerfi.

Framkvæmdastjóra falið að ræða við Búlandstind varðandi hugmyndir þeirra um fráveitu á Djúpavogi.

## 11 Staða helstu verkefna

Verkefnum miðar vel áfram að því undanskildu að illa gegngur að fá verktaka til vinnu á verkefnum HEF víðsvegar um sveitarfélagið.

## 12 Önnur mál

Næsti fundur verður boðaður með dagskrá.

Fundargerð yfirfarin og fundi slitið kl. 17:46.

Fundargerð ritaði Jónína Brynjólfsdóttir.

Fundargerð staðfest, \_\_\_\_\_ 2021

_____	_____
_____	_____
_____	_____